



**Lestrarstefna Lágafellsskóla**  
**Skólaárið 2016-2017**

**Lestrarstefna þessa er unnin af lestrarteymi Lágafellsskóla**

## Efnisyfirlit

Inngangur.....	3
Lestrarkennslan .....	4
Kennsluaðferð .....	4
Leikskóladeild .....	4
Grunnskólinn.....	4
Lestrarpjálfun.....	5
Lestrarsprettir .....	5
Framsögn .....	6
Skráning raddlestrareinkunnar á annarmati.....	6
Fyrirkomulag lestrarstuðnings .....	6
Heimalestur.....	6
Ritunar-og skriftarkennsla .....	7
Ritun.....	7
Grip, skriffæri og beiting .....	7
Leturgerð – kaflinn er í vinnslu .....	7
Lesskilningur.....	8
Skimanir og próf .....	9
Raddlestrarpróf.....	9
Leið til læsis – lesskimun .....	9
Orðarún .....	10
Logos.....	10
Lestrarmenning.....	11
Yndislestur .....	11
Nestislestur.....	11
Lestrarmorgnar í 5.-7. bekk .....	11
Sumarlestur .....	11
Fylgiskjöl .....	12
Vinnuskipulag.....	12

## Inngangur

Lágafellsskóli hefur sett sér skýra og hnitmiða lestrarstefnu til að nemendur skólans nái marktækum árangri í lestri. Stefnan snýr fyrst og fremst að því að sameina vinnuskipulag, verkferla og að gera lestrarkennsluna betri og skilvirkari.

Í lestrarstefnunni ([fylgiskjal 1](#)) kemur skýrt fram hvernig skólinn ætlar að halda utan um hvaða matstæki eru lög fyrir í hverjum árgangi fyrir sig og á hvaða tíma. Markmiðið er að halda markvissa skrá utan um allar niðurstöður til að geta fylgst með framförum nemenda í lestri.

Með markvissari skráningum og verkferlum verður hægt að grípa fyrir til snemmtækrar íhlutunar og setja af stað úrræði og aðstoð fyrir þá nemendur sem ekki ná viðmiðum á matstækjum skólans. Með snemmtækri íhlutun er hægt að aðstoða og efla nemendur á fyrstu stigum í læsinnámi og kom í veg fyrir mikla námserfiðleika og neikvæða upplifun af skólagöngu seina meir.

Með sameiginlegum gagnagrunni skólans geta kennarar sótt verkefnapakka fyrir nemendur sem þurfa á íhlutun að halda. Markmiðið er að ná meiri skilvirkni og betri lestrakennslu. Verkefnapökkunum er ætlað auka samstarf heimila og skóla og með sameiginlegu átaki er ætlunarverkið að ná þeim nemendum sem ekki ná viðmiðum upp í þar til sett viðmið.

Tilgangur lestrarstefnunnar er að allir nemendur nái eins góðum árangri og þeir hafa forsendur til í lestri og að lestrarkennslan verði öllum nemendum gott veganesti þegar þeir ljúka skólagöngu sinni í Lágafellsskóla.

## Lestrarkennslan

### Kennsluaðferð

Hljóðaaðferðin er megin kennsluaðferð skólans. Með hljóðaaðferðinni þjálfast nemendur í að umbreyta eða umskrá íslensku bókstafina yfir í hljóð og tengja hljóð stafana saman í orð.

Nemandinn segir hljóð stafanna í orðunum með því að „hljóða sig í gegnum orðin“. Lögð er áhersla á að lesa stutta, einfalda, merkingarbæra texta sem stigþyngjast eftir því sem nemendur þjálfast í lestrinum.

Aðferðin gengur út á að nemendur gefa hverjum einasta bókstaf orðanna gaum af fullkominni nákvæmni án þess að þurfa að beina athyglinni að því. Þetta er færni sem börn þróa og þjálfu gegnum hljóðkerfisfærni, umskráningu, lesfimi og orðaforða þar til hún verður fullkomlega sjálfvirk og ómeðvituð.

Markmiðið með umskráningunni er ekki bara að kenna börnum að "hljóða sig" í gegnum orðin. Markmiðið er að þau nái smám saman að byggja upp sem mestan sjónrænan orðaforða og geti þekkt orðin um leið og þau ber fyrir augun, hratt og fyrirhafnarlaust.

Til að nemendur geti öðlast bestu forsendur til að ná sem bestum lesskilningi þarf lestrarkennslan að beinast að því að þjálfu lesfimi og leshraða.

### Leikskóladeild

Í leikskóladeild skólans er unnið að því að undirbúa nemendur fyrir grunnskólann. Nemendur fá þar markvissan undirbúning fyrir lestrarnámið. Unnið er í gegnum leik með þjálfun á hljóðkerfisvitund en einnig er unnið með kennsluefni K-PALS (Kindergarten Reading Teacher Manual). Megináherslur K-PALS eru á hljóð stafanna, samræmingu og samsvörun, umskráningu, hljóðkerfisvitund og sjónrænan orðaforða. Færni hvers og eins nemanda er skoðuð með tilliti til þeirra þátta sem nemandinn þarf að hafa náð tökum á þegar að grunnskólagöngu kemur. Unnið er með atkvæðafjölda í orðum, rím, lestraráttina, að skrifa nafnið sitt og koma fram fyrir hópinn og tjá sig. Unnið er með ýmis hugtök og leikið með orð á ýmsan máta.

### Grunnskólinn

Í grunnskólanum er góð eftirfylgni við lestur nemenda. Í 1. - 7. bekk fá nemendur daglega endurgjöf á heimalestur (límmiða, stimplar eða kvittun kennara). Sinni forráðamenn/foreldrar ekki heimalestri eru viðeigandi athugasemdir skráðar af kennara í Mentor samdægurs. Telji skráningar í Mentor vegna heimalesturs fleiri en fjórar á mánuði skal kennari hafa samband við foreldra og ræða stöðuna. Verði ekki breyting til batnaðar í kjölfar samtalsins vísar

kennari málinu til deildarstjóra sem boðar foreldra og umsjónarkennara á fund. Á árgangafundum munu deildarstjórar einnig fara yfir lestrarstöðu nemenda.

Í 1. - 7. bekk lesa nemendur upphátt fyrir kennara allt að þrisvar til fimm sinnum í viku en daglega í hljóði í lestrarstund á morgnanna. Í efri bekkjardeildunum lesa nemendur ýmist upphátt eða í hljóði eins og kennari ákveður og nýta lestrarstunda tímana í fjölbreytt lestrarverkefni. Nemendur halda sjálfir skrá utan um sinn lestur sem kennarinn hefur yfirumsjón með og veitir gott aðhald.

Í 8. – 10. bekk þarf að veita gott aðhald og huga sérstaklega að þeim nemendum sem eru að glíma við lestrarörðugleika.

## Lestrarþjálfun

Lestrarþjálfunin hverju sinni er fjölbreytt og tekur á sig ólíkar myndir eftir því hvar í lestrarferlinu nemandi er staddur og hvað hann þarf að þjálf. Gert er ráð fyrir að markviss lestrarþjálfun fari fram í öllum árgöngum. Þjálfunin þarf að vera merkingarbær og hafa augljósan tilgang fyrir nemendur á öllum stigum skólans. Til að svo verði þurfa nemendur að setja sér markmið út frá raddlestrarhraða sínum og vinna samhliða kennara sínum í að efla sig í lestri.

Skólinn leggur mikla áherslu á að nemendur á yngsta stigi nái góðum tókum á lesfimi. Besta leiðin til að þjálf lesfimi er endurtekinn lestur en á þann hátt lærast orðmyndirnar. Þegar orðmynd hefur birst barni oft hættir það smátt og smátt að hljóða sig í gegnum orðin og fer að lesa það á sjálfvirkan hátt.

Til að efla lesfimi nemenda geta kennarar nýtt sér ýmsar lesfimiaðferðir. Sú aðferð sem skólinn notar er kennsluáðferðin PALS (Peer Assisted Learning Strategies). Þessi aðferð hefur fengið íslenska heitið Þör Að Læra Saman. PALS er raunprófuð aðferð en bandarískar rannsóknir sýna miklar framfarir hjá nemendum sem fá PALS lestrarþjálfun. Aðferðin byggir á aðferðum samvinnunáms og hentar fyrir einstaklingsmiðað nám. Nemendur vinna tveir og tveir saman og markmiðið er að nemendur hjálpi hver öðrum að verða betri lesarar. Unnið er eftir mjög ákveðnum aðferðum þar sem áhersla er bæði á lesfimi og lesskilning. Nemendur í 2.-7. bekk eru í PALS ýmist fyrir eða eftir áramót. Þjálfunin er þrisvar sinnum í viku og í 35 mínútur í senn í tólf vikur. Í fyrsta skipti bætist við innleiðing sem tekur 4 vikur. Hver kennslustund skiptist í paralestur, endursögn, að draga saman efnisgrein og forspá. Nemendur í 1. bekk taka við keflinu af leikskólanum og halda áfram í vinnu með K-PALS.

## Lestrarsprettir

Á hverju skólaári eru tveir lestrarsprettir (lestrarátak) einn á hvorri önn. Hver sprettur stendur yfir í um 3 vikur og hefst fyrri spretturinn í september - október og sá seinni í febrúar - mars. Sprettunum verður sköpuð skemmtileg umgjörð, allt eftir aldri og þroska nemenda.

## Framsögn

Framsagnarþjálfun hefur farið stig vaxandi síðustu ár innan skólans. Þjálfunin hefst með markvissum hætti í 4. bekk þegar nemendur taka þátt í Litlu upplestrarkeppninni. Keppnin er hugsuð sem undirbúningar fyrir Stóru upplestrarkeppnina í 7. bekk. Markmið upplestrarkeppnanna er að vekja athygli og áhuga á vönduðum upplestri og framburði. Keppnin sjálf er ekki aðaláhersluatriðið og forðast skal að einblína á sigur. Mestu skiptir að kennarar nýti þetta tækifæri til að leggja markvissa rækt við einn þátt móðurmálsins með nemendum sínum, vandaðan upplestur og framburð og fái alla nemendur til að lesa upphátt, sjálfum sér og öðrum til ánægju.

Upplestrarkeppnin Laxnesskeppnin fer fram í 6. bekk. Laxnesskeppnin er upplestrarkeppni meðal nemenda í 6. bekk þar sem lesið er upp úr verkum Nóbelskáldsins. Allir nemendur árgangsins æfa og þjálfra framsögn undir leiðsögn kennara sem lýkur með hátíðlegri upplestrarkeppni. Markmið keppninnar er að vanda upplestur og framburð.

## Skráning raddlestrareinkunnar á annarmati

Ekki er gefin einkunn í lestri heldur eru einungis skráð lesinn atkvæði eða orð í umsögn á frammistöðu- og námsmati (sjá fylgiskjal 2).

Umsjónarkennari sér um að koma niðurstöðum úr raddlestrarprófum og framsagnarprófum til deildarstjóra sem heldur utan um skráningar.

## Fyrirkomulag lestrarstuðnings

Í hverjum árgangi eru nemendur sem sækist lestrarnám hægar en öðrum. Taka ber til tillit til þessara nemenda og finna þeim stuðningsúræði eftir þörfum. Mikilvægt er að umsjónarkennari leggi línurnar með foreldrum og kennara/sérkennara með hvaða hætti hægt sé að takast á við vandann en nauðsynlegt er að kennarar og foreldrar vinni saman að bættum árangri. Kennari skal útbúa einstaklingsnámskrá í lestri þar sem markmiðið er að auka leshraða, foreldrar fá leiðsögn hjá kennara/sérkennara og allir eru meðvituð um þau markmið sem sett eru og foreldrum gert skylt að fylgja eftir viðbótarheimavinnu í lestri

## Heimalestur.

Hlutverk skóla/ foreldra

Börn læra að lesa með því að æfa sig í að lesa. Því skiptir þjálfunarþátturinn heima fyrir mjög miklu máli. Mikilvægt er að börn þjálfu markvisst lestur heima og fái til þess gott næði. Markmiðið er að auka leshraða, lesskilning, orðaforða og málskilning. Foreldrar eru hvattir til að ræða innihald textans við börnin og útskýra erfið orð. Það er einnig hluti af lestarnámi

barnsins að lesið sé fyrir það. Foreldrar ættu því að lesa áfram fyrir börnin sín þó þau séu orðin læs.

Val á lestrarbókum er mikilvægt til að vekja áhuga barnsins á lestrinum. Við upphaf lestrarnámsins þjálfa nemendur lestur sinn með lestri á lestrarbókum sem kennarinn úthlutar þeim. Þegar líður á fá nemendur að fara á skólabókasafnið til að velja sér bækur. Kennarinn og bókavörður skólans er þeim innan handar í því vali. Einnig er mikilvægt að foreldrar hjálpi börnum sínum við valið, t.d. með því að hjálpa þeim að finna bækur sem til eru heima eða með því að fara með þeim á bókasafn.

## Ritunar-og skriftarkennsla

### Ritun

Eitt af verkefnum lestrarteymisins í vetur verður að skoða hvernig ritunarkennsla er háttað í skólanum. Tilgangurinn með ritun og skrift er að auka vægi hennar í lestrarferlinu en talið er að lestur og ritun er gagnvirkt ferli sem þarf að þjálfa saman.

### Grip, skriffæri og beiting

Í leikskóladeildum og við upphaf skólagöngu er mikilvægt að kenna rétt grip skriffæris og leggja drög að því að styrkja rithönd nemenda. Til að kennari hafa betra yfirsýn yfir stöðu nemanda hefur verið útbúinn gátlisti (fylgiskjal 3).

### Leturgerð – kaflinn er í vinnslu

Skriftís er skrifletur sem ætlað er til nota við skriftarkennslu í grunnskólum og hefur Lágafellsskóli valið að nýta það til skriftarkennslu. Letrið er skýrt og form stafa einfalt. Skriftinni er skipt í eftirfarandi stig:

1. Grunnskrift með tengikrókum
2. Tengd skrift
3. Skrift með breiðpenna

Á fyrsta kennsluári er nemendum kennt að draga rétt til stafs, hver stafur þjálfaður markvisst til að viðunandi árangur náist. Áhersla er m.a. á rétt hlutföll stafa og eru nemendur þjálfaðir í að nota hjálparlínur. Á öðru kennsluári er lögð áhersla á rétta skriftarleið. Þar þjálfa nemendur aftur hvern stafdrátt, rétt grip og hjálparlínur. Á þriðja kennsluári þjálfa nemendur skrift einfaldra orða og einfaldra setninga með tengikrókum. Innlögn tenginga fer fram í nemendahópnum. Hverju og einu barni er leiðbeint og það hvatt til að fara að tengja þegar það hefur náð góðu valdi á rithendinni. Á fjórða kennsluári er tengiskrift þjálfuð enn frekar. Á fimmta og sjötta kennsluári þjálfa nemendur skrift með breiðpenna. Letur fer minnkandi og áhersla er á tengiskrift og fallega rithönd. Hafi nemandi ekki náð góðum tókum á styrk rithandar er æskilegt að sinna grunnþjálfun betur.

Falleg rithönd krefst samfelldrar og stöðugar þjálfunar. Það tekur langan tíma að ná góðum tókum á þeirri færni sem felst í fallettri rithönd. Lestrarteymið leggur áherslu á skýra

og góða innlagn og eftirfylgni bæði heima og í skóla.

Til stendur að útbúa gátlista i fyrir kennara til að fara eftir þegar ritun er kennd. Hlutverk gátlistans er fyrst og fremst að samræma kröfur sem gerðar eru til skriflegrar vinnu nemenda (fylgiskjal).

## Lesskilningur

Þegar unnið er með lesskilning er markmið allra sem koma að námi barna að kenna börnum að skilja innihald þess texta sem unnið er með hverju sinni. Þetta markmið á við sama hvort um bekkjarkennara, sérkennara, foreldra eða annarra sem koma að lestrarnámi sé að ræða. Hafa þarf í huga að bakgrunnur nemenda er ólíkur og því misvel undirbúnir til að skilja mikinn fjölbreytileika ritmálsins og vinna með alla þá ólíku texta sem notaðir eru í kennslu. Til að hægt sé að tala um góðan lesskilning þarf lesarinn að vera fær um að umkóða texta hratt og örugglega ásamt því að hafa náð færni á ýmsum sviðum varðandi skilning hans. Það er því mikilvægur og órjúfanlegur þáttur til að nemandi geti tileinkað sér lesskilning að leshraði og umkóðunarfærni hans sé orðinn nægilega hraður og sjálfvirkur til að ná viðmiðum jafnaldra. Ýmsar lesskilningsaðferðir hafa verið settar fram til að hjálpa nemendum við að tileinka sér lesskilning við lestur. Margar þeirra er að finna í bók Bergljótar V. Jónsdóttur og má finna þær flokkaðar eftir árgöngum hér [í viðauka](#).

Með tilkomu Orðarúnar var stigið stórt skref í að færa kennurum verkfæri til að hægt sé að mæla og fylgjast með lesskilningi nemenda. En þar sem Orðarún er aðeins fyrir 3. – 8. bekk hafa aðrir árgangar staðið fyrir utan. Með tilkomu nýrra lesskilningsprófa sem hafa verið boðuð frá Menntamálastofnun verður kærkomin breyting á og hægt að kanna lesskilning í öllum árgöngum. Lögð verður áhersla á að kenna fjölbreytta lesskilningsfærni með ólíkum textagerðum. Með því að nota margar mismunandi lesskilningsaðferðir til að leysa lesskilningsverkefni fær kennari mun ítarlegri mynd af stöðu nemandans og getur þá brugðist við einstaka þáttum ef þörf er á.



## Skimanir og próf

Stór hluti af lestrarstefnu skólans eru skimanir og próf (sjá fylgiskjal 1). Tilgangur þeirra er að fá upplýsingar um stöðu nemenda. Markmiðið er að nota niðurstöður skimanna og prófanna markvist til að bæta kennslu og efla nemendur.

Kennarar og deildastjórar þurfa í sameiningu að vinna að úrræðum sem hægt er að grípa til þegar niðurstöður liggja fyrir. Það er á ábyrgð þeirra að mæta þörfum nemenda sem sýna slaka frammistöðu sem og þeirra nemenda sem sýna mjög góða frammistöðu. Mikilvægt er að efla alla nemendur með krefjandi verkefnum.

## Raddlestrarpróf.

Raddlestrarprófin eru hugsuð sem verkfæri kennarans til að mæla lestrarstöðu nemandans. Nemandi og kennari setja sér markmið eftir hvert raddlestrarpróf til að þeir viti hvert þeir stefna í lesfimi, hraða og nákvæmni. Tilgangurinn með prófunum er að veita leiðbeinandi upplýsingar um lestrarstöðuna og meta hvort að settum markmiðum hafi verið náð.

Til að einfalda utanumhald hefur verið útbúið skema fyrir hvern árgang þar sem matsþættir, matstæki og tímasetningar hafa verið settar niður. Sem dæmi má nefna að í 1. Bekk

hefst skólaárið á könnun á stafabekkingu nemandans, í annarri viku í september er teikniþroskapróf lagt fyrir og í fjórðu viku í september er skimunarprófið Leið til læsis lagt fyrir. Á þennan hátt er skólaárið útlistað fyrir hvern árgang (sjá fylgiskjal 1).

Sömu lestrarprófin eru lögð fyrir oftar en einu sinni á skólaárinu svo hægt sé að meta framfarir nemenda. Þá er sama prófið lagt fyrir að í lok skólaári og byrjun þess næsta.

## Leið til læsis – lesskimun

Leið til læsis er yfirgripsmikið stuðningskerfi í lestrarkennslu sem ætlað er kennurum á yngsta stigi grunnskólans. Niðurstöður prófsins lúta að þremur aðskildum færniþáttum sem leggja grunn að lestrarnáminu, en það eru:

- Málskilningur og orðaforði
- Bókstafa og hljóðabekking
- Hljóðkerfis- og hljóðavitund.

Leið til læsis kerfið gerir bekkjarkennurum kleift að kanna hve vel nemendur eru undirbúnir til að takast á við lestrarnám áður en eiginleg lestrarkennsla hefst að hausti í 1. bekk. Niðurstöður gefa vísbendingar um styrkleika og veikleika í nemendahópnum, en um leið veitir prófið upplýsingar um nemendur sem gætu verið í áhættuhópi vegna hugsanlegra erfiðleika við lestrarnám, annars vegar vegna vanda við umskráningu og hins vegar vegna vanda með lesskilning. Niðurstöður eru skráðar í gagnagrunn Námsmatsstofnunnar þar sem hægt er að skoða stöðu hvers nemanda miðað við jafnaldra.

## Orðarún

Orðarún er stöðluð lesskilningspróf sem lögð eru fyrir nemendur í 3.-8. bekk tvisvar á vetri. Kannað er hversu vel nemendur skilja meginefni textans og átt sig á staðreyndum. Nemendur þurfa líka að geta lesið á milli línanna því sumar spurningarnar eru þannig að þeir þurfa að draga ályktanir um eitthvað sem stendur ekki beint í textanum. Einnig er spurt um merkingu orða og orðasambanda. Niðurstöður prófanna flokka árangur nemenda í fjóra flokka: Gott, meðal, slakt og mjög slakt.

## Logos

Komi upp rökstuddur grunur um lestrarerfiðleika hjá nemanda er honum vísað í greiningarferli hjá sérkennara. Til að greina lestrarerfiðleika nemenda nota sérkennarar greiningarforritið Logos.

Logos er tölvutækt greiningarpróf sem er grundvallað á nýlegum rannsóknum á lestrarfærni nemenda og er staðlað fyrir íslenska nemendur. Logos hefur tvo prófaflokka; fyrri flokkurinn er ætlaður nemendum í 3.- 5. bekk og sá síðari 6. – 10 bekk og fullorðnum. Innan hvers flokks eru margir prófþættir og er meðal annars prófaður lesskilningur, leshraði, hlustun og skilningur, hugtakaskilningur, umkóðunarferni og undirþættir umkóðunarferlisins. Rannsóknir hafa sýnt fram á mikilvægi þess að lestrarerfiðleikar séu greindir sem fyrst svo grípa megi tímanlega inn í með viðeigandi hætti.

Niðurstöður prófana í Logos eru settar fram á myndrænan hátt ásamt töflum þar sem hægt er að bera saman niðurstöðu nemandans við jafnaldra. Sérkennari greinir hvern þátt fyrir sig á ítarlegan hátt og útskýrir á skilafundi með foreldrum.

## Lestrarmenning

Afstaða til læsis endurspeglast í lestrarmenningu samfélags og eitt mikilvægasta verkefni skóla er að skapa lestrarmenningu sem ýtir undir jákvætt viðhorf til lestrar. Þetta gerum við t.d. með eftirfarandi verkefnum:

### Yndislestur

Í yndislestri lesa nemendur bækur að eigin vali, oft sömu bók og þeir eru að lesa í heimalestri. Lesið er í hljóði í u.þ.b. 15 mínútur í senn. Þetta er róleg stund og markmiðið er að nemendur upplifi að það er notalegt að lesa og þjálfri lestrarfærni. Kennarinn aðstoðar nemendur við val á bókum ef þörf er á og nýtir tímann einnig sjálfur til lestrar og sýnir þannig gott fordæmi.

### Nestislestur

Nestislestur fer fram í ávaxtabita hjá 1.-7. Bekk. Nestislestur er ekki bara notalegur því við lestur kennarans lifnar frásögnin við og oftast en ekki fá nemendur áhuga á að lesa fleiri bækur um sömu sögupersónur eða eftir sama höfund. Nestislestur er því mjög mikilvægur liður í því að efla lestrarmenningu skólans.

### Lestrarmorgnarnar í 5.-7. bekk

Í skammdeginu í nóvember er fátt notalegra en að mæta með svefnpokann sinn og góða bók í skólann og eyða fyrstu kennslustundum dagsins í að lesa í skemmtilegri bók. Ekki er verra að vera í náttfötunum sínum líka og með bangsa.

### Sumarlestur

Bókasafn Mosfellsbæjar hefur árlega efnt til Sumarlestrar og kynnt verkefnið í grunnskólum bæjarins á vorin. Skólinn hefur hvatt nemendur til að taka þátt í verkefninu en því lýkur um það leyti sem skólar hefjast.

## Fylgiskjöl

## Vinnuskipulag

1. bekkur					
Dagsetningar	Matsþáttur	Matsæki	Athugasemd	Umsjón	Viðmið Mosfellsbæjar
Skólabyrjun	Leikskóladeild skili stafabekkingu að vori. Stafabekking og umskráningarfærni	Stafakönnun (munnleg) þar sem þekking nemenda á bókstafaheiti og bókstafahljóði er könnuð. Stafakönnun - ritun þar sem þekking nemenda á bókstafatákni er könnuð	Allir nemendur prófaðir og niðurstöður skráðar í gagnagrunn skólans	Umsjónarkennari, en skráning annast Deildarstjóri	
2. vika í sept.	Teikniþroskapróf	Tove Krogh ( hópathugun )	Allir nemendur prófaðir og niðurstöður skráðar í gagnagrunn skólans	Umsjónarkennari, en skráning annast Deildarstjóri	
4. vika í sept.	Málþroski, hljóðkerfisvitund og stafabekking	Leið til læsis - lesskimun	Allir nemendur prófaðir.	Umsjónarkennari annast fyrirlögn og yfirferð en skráning annast Deildarstjóri. Íhlutun unninn í samvinnu milli foreldra, umsjónarkennara og deildarstjóra.	
2. vika í nóv.	Viðhorf, hugtakaskilningur, orðlengd, orðafjöldi í setningu, atkvæðafjöldi í orði og fjöldi hljóða í orði	Læsi 1.1	Allir nemendur prófaðir.	Umsjónarkennari annast fyrirlögn og útreikning niðurstaðna. Deildarstjóri annast skráningar í verkefnabók raddlestrarhraða	
4. vika í jan.	Raddlestrarhraði	Leið til læsis: Eftirfylgnipróf A-1 (lesfimi og sjónrænn orðaforði).	Þeir nemendur sem eru mælanlegir í lestri eru prófaðir. Niðurstöður eingögnu færðar í gagnagrunn skólans	Umsjónarkennari, en skráning annast Deildarstjóri	
2. vika í feb	Lítill og stór stafatákni, tengsl hljóðs og stafs, fyrsta orð í hljóði, hljóðtenging, lesa orð, skoða mynd og velja viðeigandi orð	Læsi 1.2	Allir nemendur prófaðir og niðurstöður skráðar í gagnagrunn skólans	Umsjónarkennari annast fyrirlögn og útreikning niðurstaðna. Deildarstjóri annast skráningar í verkefnabók raddlestrarhraða	
1. vika í mars	Stafabekking	Stafakönnun munnleg og stafakönnun í ritun	Allir nemendur. Skoða þarf sérstaklega hversu sjálfvirk tengsl eru á milli bókstafaheitis og bókstafahljóðs. Skoða þarf líka hversu rétt og örugglega nemandinn dregur til stafs.	Umsjónarkennari, en skráning annast Deildarstjóri	
3. vika í mars	Raddlestrarhraði	Leið til læsis: Eftirfylgnipróf A-1 (lesfimi).	Allir nemendur prófaðir sem hafa til þess foresendur.	Umsjónarkennari annast fyrirlögn og útreikning niðurstaðna. Deildarstjóri annast skráningar í grunn hjá Námsmatsstofnun. Lesinn atkvæði (Orð) skráður í verkefnabók	
2. vika í maí	Lesi setningar, lestur á stuttum einföldum texta, lestur fyrir mæla og framkvæmd samkvæmt þeim, að skrifa orð eftir upplestri og orð við mynd	Læsi 1.3	Allir nemendur prófaðir og niðurstöður skráðar í gagnagrunn skólans	Umsjónarkennari annast fyrirlögn og úrvinnslu en deildarstjóri annast skráningu í verkefnabók.	
Annarmat	Raddlestrarhraði	Leið til læsis: Eftirfylgnipróf A-1 (lesfimi) og A- 2 sjónrænn orðaforði).	Allir nemendur prófaðir sem hafa til þess foresendur.	Umsjónarkennari og deildarstjóri. Niðurstöður lesfimiþrófs eru skráðar í verkefnabók raddlestrar en ekki í grunn Námsmatsstofnunar. Niðurstöður úr sjónrænum orðaforða eru skráðar í grunn Námsmatsstofnunar.	80. atkvæði

2. bekkur					
Dagsetningar	Matsþáttur	Matstæki	Athugasemd	Umsjón	Viðmið Mosfellsbæjar
Skólabyrjun	Raddlesrarhraði. Stafabekking	Leið til læsis: Eftirfylgniþróf 1-A, lesfimi. Stafakönnun. Stafakönnun - ritun	Nemendur prófaðir út frá forsendum sem þeir hafa	Umsjónarkennari, en skráning annast Deildarstjóri. Niðurstöður lesfimiþrófs eru skráðar í verkefnabók (gagnagrunn skólans) en ekki í grunn Námsmatsstofnun.	
1. vika í nóv.	Raddlesrarhraði.	Leið til læsis: Eftirfylgniþróf B-1, lesfimi og sjónrænn orðaforði	Þeir nemendur sem eru mælanlegir í lestri eru prófaðir. Niðurstöður eingögnu færðar í gagnagrunn skólans	Umsjónarkennari annast fyrirlið og úrvinnslu en deildarstjóri skráir niðurstöður í grunn hjá Námsmatsstofnun. Lesinn atkvæðafjöldi (orð) skráður í gagnagrunn skólans.	
3. vika í nóv.	Viðhorf, velja orð af mynd, að greina orðhluta í samsettum orðum	Læsi 2.1	Allir nemendur prófaðir	Umsjónarkennari annast fyrirlið og úrvinnslu en deildarstjóri skráir niðurstöður í gagnagrunn skólans	
3. vika í jan.	Raddlesrarhraði	Leið til læsis: Eftirfylgniþróf B-2, lesfimi og sjónrænn orðaforði.	Þeir nemendur sem eru mælanlegir í lestri eru prófaðir. Niðurstöður eingögnu færðar í gagnagrunn skólans	Umsjónarkennari og deildarstjóri. Niðurstöður skráðar í gagnagrunn skólans.	
2. vika í mars	Raddlesrarhraði	Leið til læsis: Eftirfylgniþróf B-2.	Þeir nemendur sem eru mælanlegir í lestri eru prófaðir. Niðurstöður eingögnu færðar í gagnagrunn skólans	Umsjónarkennari annast fyrirlið og úrvinnslu og deildarstjóri skráir niðurstöður í grunn hjá námsmatsstofnun. Lesinn atkvæðafjöldi (orð) er skráður í gagnagrunn skólans.	
3. vika í apríl	Lesi einfaldar setningar og velja mynd, hlusta á upplestur og svara, velja rétt orð úr samhengi texta, lesa og svara spurningum, lesa fyrir mæli og framkvæma.	Læsi 2.2	Allir nemendur prófaðir	Umsjónarkennari annast fyrirlið og úrvinnslu og deildarstjóri skráir niðurstöður í gagnagrunn skólans. Deildarstjóri annast úrvinnslu til fræðsluskrifstofu og kynnis niðurstöður í skóla þegar þær liggja fyrir ?	
Annarmat í maí	Raddlesrarhraði	Leið til læsis: Eftirfylgniþróf B-2, lesfimi og sjónrænn orðaforði.	Þeir nemendur sem eru mælanlegir í lestri eru prófaðir. Niðurstöður eingögnu færðar í gagnagrunn skólans	Umsjónarkennari og deildarstjóri skráir niðurstöður í gagnagrunn skólans.	140 atkvæði

3. bekkur					
Dagsetningar	Matsþáttur	Matstæki	Athugasemd	Umsjón	Viðmið Mosfellsbæjar
Skólabyrjun	Raddlesrarhraði	Leið til læsis: Eftirfylgniþróf B-2, lesfimi	Allir nemendur prófaðir	Umsjónarkennari og deildarstjóri skráir niðurstöður í gagnagrunn skólans.	
3. vika í sept.	Stærðfræði	Talnalykill	Allir nemendur prófaðir	ath. hver annast umsjón ?	
1. vika í nóv.	Raddlesrarhraði	Leið til læsis: Eftirfylgniþróf C-1, lesfimi.	Allir nemendur prófaðir	Umsjónarkennari annast fyrirlið og úrvinnslu og deildarstjóri skráir niðurstöður í grunn hjá Námsmatsstofnun. Lesinn atkvæðafjöldi (orð) skráður í gagnagrunn skólans	
Janúar	Leshraði, lesskilningur og réttiritun	Logos - lesskimun Aton Index - stafsetningarhluti Samfelldur texti v. réttiritunar	Allir nemendur prófaðir		
3. vika í jan.	Raddlesrarhraði	Leið til læsis: Eftirfylgniþróf C-1, lesfimi og sjónrænn orðaforði	Allir nemendur prófaðir	Umsjónarkennari og deildarstjóri skráir niðurstöður í gagnagrunn skólans.	
		Leið til læsis: Eftirfylgniþróf C-2, lesfimi.		Umsjónarkennari annast fyrirlið og úrvinnslu. Deildarstjóri skráir niðurstöður í grunn Námsmatsstofnunar. Lesinn atkvæði (orð) skráður í gagnagrunn skólans	
2. vika í mars.	Raddlesrarhraði	Orðarún 3.1		Umsjónarkennari annast fyrirlið og úrvinnslu. Deildarstjóri skráir niðurstöður í gagnagrunn skólans og sér um upplýsingagjöf til nemenda og foreldra	
4. vika í mars.	Lesskilningur		Allir nemendur prófaðir		
Annarmat í maí.	Raddlesrarhraði	Leið til læsis: Eftirfylgniþróf C-2, lesfimi og sjónrænn orðaforði.	Allir nemendur prófaðir sem hafa til þess forsendur	Umsjónarkennari. Deildarstjóri skráir niðurstöður í gagnagrunn skólans	170 atkvæði

4. bekkur					
Dagsetninga	Matsþáttur	Matstæki	Athugasemd	Umsjón	Viðmið Mosfellsbæjar
Skólabyrjun	Raddlesrarhraði.	Leið til læsis: Eftirfylgniþróf C-2, lesfimi	Allir nemendur prófaðir.	Umsjónarkennari og deildarstjóri skráir niðurstöður	
1. vika í nóv.	Raddlesrarhraði.	Leið til læsis: Eftirfylgniþróf D-1, lesfimi	Allir nemendur prófaðir.	Umsjónarkennari annast fyrirlið og úrvinnslu og deildarstjóri skráir niðurstöður í grunn hjá Námsmatsstofnun. Lesinn atkvæðafjöldi (orð) skráður í gagnagrunn skólans	
3. vika í jan.	Raddlesrarhraði.	Leið til læsis: Eftirfylgniþróf D-1, lesfimi	Allir nemendur prófaðir.	Umsjónarkennari og deildarstjóri skráir niðurstöður	
2. vika í mars	Raddlesrarhraði.	Leið til læsis: Eftirfylgniþróf D-2, lesfimi	Allir nemendur prófaðir.	Umsjónarkennari annast fyrirlið og úrvinnslu og deildarstjóri skráir niðurstöður í grunn hjá Námsmatsstofnun. Lesinn atkvæðafjöldi (orð) skráður í gagnagrunn skólans	
4. vika í mars.	Lesskilningur.	Orðarún 4.1.	Allir nemendur prófaðir.	Umsjónarkennari annast fyrirlið og úrvinnslu. Deildarstjóri skráir niðurstöður í gagnagrunn skólans og sér um upplýsingagjöf til nemenda og foreldra	
Annarmat í maí	Raddlesrarhraði.	Leið til læsis: Eftirfylgniþróf D-2, lesfimi	Allir nemendur prófaðir.	Umsjónarkennari annast fyrirlið og úrvinnslu og deildarstjóri skráir niðurstöður í grunn hjá Námsmatsstofnun. Lesinn atkvæðafjöldi (orð) skráður í gagnagrunn skólans	210 atkvæði

5. bekkur					
Dagsetningar	Matsþáttur	Matstæki	Athugasemd	Umsjón	Viðmið Mosfellsbæjar
Skólabyrjun	Raddlesrarhraði	Baldur og holurnar í veginum	Allir nemendur prófaðir	Kennari annast fyrirlið og yfirferð en deildarstjóri sér um skráningu	
4. vika í nóv	Raddlesrarhraði	Baldur og holurnar í veginum	Allir nemendur prófaðir	Kennari annast fyrirlið og yfirferð en deildarstjóri sér um skráningu	
3. vika í jan.	Raddlesrarhraði	Baldur og holurnar í veginum	Allir nemendur prófaðir	Kennari annast fyrirlið og yfirferð en deildarstjóri sér um skráningu	
4. vika í mars	Lesskilningur	Orðarún 5.1	Allir nemendur prófaðir	Kennari annast fyrirlið og yfirferð en deildarstjóri sér um skráningu. Deildastjórar sjá um upplýsingagjöf til nemenda og foreldra	
mars	Raddlesrarhraði	Jakob var á leið heim	Allir nemendur prófaðir	Kennari annast fyrirlið og yfirferð en deildarstjóri sér um skráningu	
Maí	Raddlesrarhraði	Jakob var á leið heim	Allir nemendur prófaðir	Kennari annast fyrirlið og yfirferð en deildarstjóri sér um skráningu	
Framsagnarþróf				Einungis nemendur sem náð hafa 200 atkvæðum prófaðir	250 atkvæði

6. bekkur					
Dagsetningar	Matsþáttur	Matstæki	Athugasemd	Umsjón	Viðmið Mosfellsbæjar
Skólabyrjun	Raddlesrarhraði	Gosi	Allir nemendur prófaðir	Kennari annast fyrirlið og yfirferð en deildarstjóri sér um skráningu	
September	Stærðfræði	Talnalykill	Allir nemendur prófaðir		
Október	Leshraði, lesskilningur og réttiritun	Logos - Lesskimun Aston Index - stafsetningarluti Samfeldur texti v. Réttiritunnar	Allir nemendur prófaðir	Kennari annast fyrirlið og yfirferð en deildarstjóri sér um skráningu	
4. vikan í nóvember	Raddlesrarhraði	Gosi	Allir nemendur prófaðir	Kennari annast fyrirlið og yfirferð en deildarstjóri sér um skráningu	
3. vikan í Janúar	Raddlesrarhraði	Gosi	Allir nemendur prófaðir	Kennari annast fyrirlið og yfirferð en deildarstjóri sér um skráningu	
4. vikan í mars	Lesskilningur	Orðarún 1.6	Allir nemendur prófaðir	Kennari annast fyrirlið og yfirferð en deildarstjóri sér um skráningu	
Mars	Raddlesrarhraði	Má ég fara með þér inn í dal	Allir nemendur prófaðir	Kennari annast fyrirlið og yfirferð en deildarstjóri sér um skráningu	
Maí	Raddlesrarhraði	Má ég fara með þér inn í dal	Allir nemendur prófaðir	Kennari annast fyrirlið og yfirferð en deildarstjóri sér um skráningu	250-300

7. bekkur					
Dagsetningar	Matsþáttur	Matstæki	Athugasemd	Umsjón	Viðmið Mosfellsbæjar
Skólabyrjun	Raddlestrarhraði	Að mér sækir hálfgerður hrollur	Allir nemendur prófaðir	Kennari annast fyrirögn og yfirferð en deildarstjóri sér um skráningu	
30. vikan í nóvember	Raddlestrarhraði	Að mér sækir hálfgerður hrollur	Allir nemendur prófaðir	Kennari annast fyrirögn og yfirferð en deildarstjóri sér um skráningu	
3. vikan í janúar	Raddlestrarhraði	Að mér sækir hálfgerður hrollur	Allir nemendur prófaðir	Kennari annast fyrirögn og yfirferð en deildarstjóri sér um skráningu	
4. vikan í mars	Lesskilningur	Orðarún 7.1	Allir nemendur prófaðir	Kennari annast fyrirögn og yfirferð en deildarstjóri sér um skráningu	
Mars	Raddlestrarhraði	Pabbi Óla var á sjó	Allir nemendur prófaðir	Kennari annast fyrirögn og yfirferð en deildarstjóri sér um skráningu	
Mái	Raddlestrarhraði	Pabbi Óla var á sjó	Allir nemendur prófaðir	Kennari annast fyrirögn og yfirferð en deildarstjóri sér um skráningu	300-350

8. bekkur					
Dagsetningar	Matsþáttur	Matstæki	Athugasemd	Umsjón	Viðmið Mosfellsbæjar
Skólabyrjun	Raddlestrarhraði	Pabbi Óla var á sjó	Allir nemendur prófaðir	Kennari annast fyrirögn og yfirferð en deildarstjóri sér um skráningu	
1. vikan í nóvember	Raddlestrarhraði	Bíllinn	Allir nemendur prófaðir	Kennari annast fyrirögn og yfirferð en deildarstjóri sér um skráningu	
3. vikan í janúar	Raddlestrarhraði	Bíllinn	Allir nemendur prófaðir	Kennari annast fyrirögn og yfirferð en deildarstjóri sér um skráningu	
Mars	Raddlestrarhraði	Samtals Evu og Oddbjörns	Allir nemendur prófaðir	Kennari annast fyrirögn og yfirferð en deildarstjóri sér um skráningu	
Mái	Raddlestrarhraði	Samtals Evu og Oddbjörns	Allir nemendur prófaðir	Kennari annast fyrirögn og yfirferð en deildarstjóri sér um skráningu	Viðhalda lestrarfærni í 350

9. bekkur					
Dagsetningar	Matsþáttur	Matstæki	Athugasemd	Umsjón	Viðmið Mosfellsbæjar
Skólabyrjun	Raddlestrarhraði	Samtals Evu og Oddbjörns	Allir nemendur prófaðir	Kennari annast fyrirögn og yfirferð en deildarstjóri sér um skráningu	
1. vikan í nóvember	Raddlestrarhraði	Stríð og friður	Allir nemendur prófaðir	Kennari annast fyrirögn og yfirferð en deildarstjóri sér um skráningu	
3. vikan í janúar	Raddlestrarhraði	Stríð og friður	Allir nemendur prófaðir	Kennari annast fyrirögn og yfirferð en deildarstjóri sér um skráningu	
Mars	Raddlestrarhraði	Norðurljós	Allir nemendur prófaðir	Kennari annast fyrirögn og yfirferð en deildarstjóri sér um skráningu	
Mái	Raddlestrarhraði	Norðurljós	Allir nemendur prófaðir	Kennari annast fyrirögn og yfirferð en deildarstjóri sér um skráningu	Viðhalda lestrarfærni í 350

10. bekkur					
Dagsetningar	Matsþáttur	Matstæki	Athugasemd	Umsjón	Viðmið Mosfellsbæjar
Ágúst	Raddlestrarhraði	Fyrir löngu síðan	Allir nemendur prófaðir	Kennari annast fyrirögn og yfirferð en deildarstjóri sér um skráningu	
Janúar	Raddlestrarhraði	Fyrir löngu síðan	Allir nemendur prófaðir	Kennari annast fyrirögn og yfirferð en deildarstjóri sér um skráningu	
Mái	Raddlestrarhraði	Fyrir löngu síðan	Allir nemendur prófaðir	Kennari annast fyrirögn og yfirferð en deildarstjóri sér um skráningu	Viðhalda lestrarfærni í 350




Kvarði fyrir lesin atkvæði á mínútu

		Lágafellsskóli		
Bekkir	Við lok	atkv. á mín		
	1. bekkur	80		
	2. bekkur	140		
	3. bekkur	170		
	4. bekkur	210		
	5. bekkur	250		
	6. bekkur	250-300		
	7. bekkur	300-350		
	8. bekkur	350	Viðhalda lestrarfærni	
	9. bekkur	350+	Viðhalda lestrarfærni	
	10. bekkur	350+	Viðhalda lestrarfærni	



### Grip um skriffæri og beiting



Æskilegt grip um skriffæri er lipurt þriggja fingra grip.

Tilgangurinn með því að leiðbeina nemanda um rétt grip er að ýta undir góða beitingu skriffæris. Með lipru gripi eykst leikni í að skrifa og leysa þrautir sem krefjast fínlegrri og nákvæmari hreyfinga. Rétt beiting gerir vinnuna auðveldari fyrir nemanda og úthald eykst.

Mikilvægt er að hafa nokkra þætti í huga þegar kemur að **góðri beitingu við skrifleg verkefni**:

- Æskilegt grip um skriffæri eru þriggja fingra grip eins og sýnt er hér að ofan. Gott er að fingurgómar séu staðsettir u.þ.b. 2 cm frá oddi skriffæris en örlítið ofar en það ef nemandi er örvhentur.
- Hreyfing á að sjást í kjúkum þumals og vísifingur þegar nemandi skrifar og er því mikilvægt að höndin hvíli á borðinu.
- Framhandleggur á allur að hvíla á borði og er því mikilvægt að færa blað ofar eftir því sem skrifað er neðar á blaðið.
- Mikilvægt er að minna nemanda á að styðja við blað/verkefni með hinni hendinni.
- Þegar nemandi er að festa gott grip í sessi getur hentað þeim vel að nota breið þríhyrningslaga skriffæri og liti.

Mikilvægt er að nemandi **sitji vel við borð með fætur í gólfi eða á öðru stöðugu undirlagi**. Ef borð og stóll passa illa fyrir nemanda getur það valdið óróleika, dregið úr einbeitingu og haft áhrif á úthald og vinnusemi. Með auknum stöðugleika í sæti er hægt að draga úr þessum einkennum.

- Stóll þarf að vera hæfilega hár svo nemandi nái með iljar niður á gólf, fótafjöl eða skemil.
- Stílið stól/borð þannig að vinnuhæð sé um það bil í olnbogahæð (ca. 90°). Miðað er við að nemandi sitji með beint bak, slakar axlir og að handleggir hvíli á borði.
- Við skriflega verkefnavinnu er gott að færa stól aftar og sitja frammar á stólsetu án þess að nota bakstuðning. Í þessari setstöðu hallar nemandi sér fram í mjöðm með beint bak og framhandleggir hvíla á borði.

Yfirlit yfir smábækur námsgagnastofnunnar

**Bækur** til að þjálfa lesfimi og –skilning á yngsta stigi, skiptast í þyngdarflokka (2-5). Sjá [listi yfir sögubækur](#) . [Verkefni \(pdf\)](#) sem efla lesskilning og þjálfa léttu málfræði fylgja flestum bókunum, einnig ýmislegt stafrænt efni, sjá hér að neðan t.h.